

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248 7. júní 1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

1. gr.

Orðin á eftir „virðisaukaskatti“ í 4. málslíð 5. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Við 12. gr. í III. kafla reglugerðarinnar, bætist við nýr töluliður er verði 6. töluliður svohljóðandi:

Vinna við sérstök verkefni sveitarfélaga eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk Atvinnuleysisstryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stöð í 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1994 og gildir til ársloka 1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist við ný málsgrein er verði 2. málsgrein svohljóðandi: Heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. nær ekki til matvara eða annarra vara til manneðis sbr. 8. tl. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Margrét Gunnlaugsdóttir.